

## HELSTU EFNISATRÍÐI

### úrskurðir óbyggðanefndar í fimm málum á Norðausturlandi.

#### 1. Óbyggðanefnd skipa (þrír nefndarmenn í hverju máli):

Kristján Torfason formaður  
Karl Axelsson hrl. varaformaður (formaður í málum nr. 4-5/2005)  
Allan Vagn Magnússon héraðsdómari  
Benedikt Bogason dómstjóri  
Sif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri

#### 2. Niðurstöður í örstuttu máli (í öllum fimm málum sameiginlega)

##### Mál nr. 1/2005, Fljótsdalur og Jökuldalur austan Jökulsár á Jökuldal.

- Sá hluti Vatnajökuls sem til umfjöllunar var í málinu úrskurðaður þjóðlenda.
- Landsvæðin Vesturöræfi, Rani, Undir Fellum, Múli, Suðurfell og Villingadalur úrskurðuð þjóðlenda og afréttur.
- Þjóðlendukröfur fjármálaráðherra í málinu teknar til greina að stærstum hluta og eignarlandskröfum hafnað að sama skapi.

##### Mál nr. 2/2005, Jökuldalur norðan og vestan Jökulsár á Jökuldal ásamt Jökulsárhlíð.

- Sá hluti Vatnajökuls sem til umfjöllunar er í málinu úrskurðaður þjóðlenda.
- Landsvæði norðan Þjóðfells er þjóðlenda.
- Brúaröræfi, sunnan Álftadalsdyngju og að Vatnajökli, samkvæmt tiltekinni afmörkun, úrskurðuð þjóðlenda í afréttareign eigenda jarðarinnar Brúar.
- Þjóðlendukröfur fjármálaráðherra á sunnanverðu svæðinu teknar til greina að hluta og eignarlandskröfum hafnað að sama skapi.
- Þjóðlendukröfum í Jökulsárhlíð hafnað og á svæðinu suðvestur að Brúaröræfum.

##### Mál nr. 3/2005, Vopnafjarðarheppur.

- Land vestan vatnaskila, upp af jörðunum Hvammsgerði, Hróaldsstöðum, Áslaugarstöðum, Þorvaldsstöðum og Hamri talið þjóðlenda og afréttur jarðanna.
- Mælifell og Selsárvellir úrskurðuð þjóðlenda og afréttur. Veiðiréttur fyrir landi Mælifells þó í einkaeign.
- Afréttur Vopnafjarðarhepps, Steinvarartunga og Þorbrandsstaðatunga úrskurðuð þjóðlendur og afréttir.
- Þjóðlendukröfur fjármálaráðherra á sunnanverðu svæðinu teknar til greina að hluta og eignarlandskröfum hafnað að sama skapi.
- Þjóðlendukröfum á Smjörfjallasvæði hafnað.

##### Mál nr. 4/2005, Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Skeggjastaðahreppur.

- Heiðarmúli, Þverfellsland, Vatnsendi og Hvappur úrskurðuð þjóðlendur og þrjú hin síðarnefndu afréttur.
- Land sunnan tiltekinnna merkja, innan kröfusvæða eigenda jarðanna Laxárdals, Hvamms, Syðra-Lóns, Kverkártungu, Miðfjarðar, Gunnarsstaða og Þorvaldsstaða úrskurðað þjóðlenda og afréttur jarðanna.
- Afréttir Þórshafnarhrebs og Skeggjastaðahrepps eru þjóðlendur og afréttir.
- Þjóðlendukröfur fjármálaráðherra í málinu teknar til greina að hluta og eignarlandskröfum hafnað að sama skapi.

##### Mál nr. 5/2005, Öxarfjarðarheppur.

- Afréttarland jarðanna Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls er þjóðlenda og afréttur jarðanna. Hvannstaðir eru þjóðlenda og afréttur.
- Landsvæði norðan Grímsstaða á Fjöllum er þjóðlenda og afréttur.

- Þjóðlendukröfur fjármálaráðherra á sunnanverðu því landsvæði sem fjallað var um í málinu teknar til greina að hluta og eignarlandskröfum hafnað að sama skapi.
- Þjóðlendukröfu til hluta Hafrafellstungu og landsvæða norðan hennar hafnað.

### **3. Birting úrskurða og korta á heimasíðu**

Úrskurðir óbyggðanefndar, ásamt skýringarkorti, eru birtir á heimasíðu óbyggðanefndar (obyggðanefnd.is), strax að lokinni uppkvaðningu úrskurða.

### **4. Framhald mála á Norðausturlandi (svæði 5)**

Sá sem ekki vill una úrskurði óbyggðanefndar skal höfða einkamál innan sex mánaða frá útgáfudegi þess Lögbirtingablaðs sem útdráttur úr úrskurði er birtur í. Er þá unnt að leggja til úrlausnar dómstóla hverja þá kröfu sem gerð hefur verið fyrir nefndinni.

### **5. Næstu mál hjá óbyggðanefnd**

Óbyggðanefnd hefur nú til meðferðar fimm mál er varða landsvæði á austanverðu Norðurlandi (svæði 6). Aðalmeðferð málanna fer fram í haust.

### **6. Örstutt um málsmeðferð hjá óbyggðanefnd**

Málsmeðferð hefst með því að fjármálaráðherra er tilkynnt að óbyggðanefnd hafi ákveðið að taka tiltekið landsvæði til meðferðar og honum veittur frestur til að lýsa kröfum ríkisins um þjóðlendur á svæðinu. Þegar kröfur fjármálaráðherra liggja fyrir gefur óbyggðanefnd út tilkynningu og skorar á þá er telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á því svæði sem ríkið gerir kröfu til, að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan tiltekins frests. Að lokinni opinberri kynningu á öllum þeim kröfum sem borist hafa á viðkomandi svæði er svæðinu skipt í mál og boðað til fyrstu fyrirtöku. Málið er síðan tekið fyrir eins oft og þörf er á, frekari gögn lögð fram og leitast við að skýra það að öðru leyti. Loks fer fram aðalmeðferð. Fyrirkomulag aðalmeðferðar hjá óbyggðanefnd er almennt með þeim hætti að hún hefst á forflutningi. Að því loknu er farið á vettvang undir leiðsögn heimamanna og fer það eftir umfangi viðkomandi máls hvort vettvangsferð stendur í einn eða tvo daga. Að vettvangsferð lokinni eru teknar skýrslur af aðilum og vitnum og loks er málið flutt munnlega. Því er hagað þannig að aðalmeðferð fari fram eins nálægt vettvangi hvers máls og mögulegt er bæði til þess að óbyggðanefnd geti notið aðstoðar heimamanna við að upplýsa málið og til þess að heimamenn eigi þess kost að fylgjast með því sem fram fer. Að lokinni aðalmeðferð er málið tekið til úrskurðar og úrskurður kveðinn upp í kjölfarið.